



Reglur fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar um ferðaþjónustu fatlaðs fólks

I. kafli Almennt um þjónustuna

1. gr.

Skilgreining

Samkvæmt 35. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992, með síðari breytingum, skulu sveitarfélög veita fötluðu fólki kost á ferðaþjónustu með það að markmiði að þeim sem ekki geta nýtt almenningsfarartæki vegna fötlunar, sé gert kleift að stunda atvinnu og nám og njóta tómsunda. Jafnframt skal fatlað fólk eiga rétt á ferðaþjónustu á vegum sveitarfélaga vegna aksturs á þjónustustofnanir samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks og vegna annarrar þjónustu sem því er veitt sérstaklega.

2. gr.

Markmið

Að fötluðu fólki, sem hvorki ræður yfir né getur nýtt eigin bifreið eða almenningssamgöngur, sé gert kleift að stunda atvinnu sína og nám, njóta tómsunda og sækja aðra þá þjónustu sem því er veitt sérstaklega vegna fötlunar sinnar. Markmiðið er að styðja fatlað fólk til þátttöku í samfélaginu eins og kostur er hverju sinni.

3. gr.

Réttur til ferðaþjónustu

Þjónustuvæði ferðaþjónustunnar er Fjarðabyggð. Ferðaþjónusta fatlaðs fólks er ætluð þeim íbúum sem eiga lögheimili í Fjarðabyggð, heyra undir lög um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 með síðari breytingum, og þarfnast sérstakrar þjónustu og stuðnings af þeim sökum og uppfylla eitt eða fleiri eftirtalinna skilyrða:

- Að notandi eigi lögheimili í sveitarfélaginu
- Að notandi geti ekki nýtt almenningssamgöngur vegna fötlunar
- Að notandi eigi ekki bifreið sem keypt er með styrkjum frá Tryggingastofnun ríkisins

Íbúar í Breiðdalshreppi eiga einnig rétt á þjónustunni sé í gildi samningur milli fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar og Breiðdalshrepps þar um.

Heimilt er að veita undanþágur frá þessum skilyrðum skv. mati starfsfólks fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar vegna sérstakra aðstæðna.

Fatlað fólk hefur forgang að þjónustunni, en eldri borgarar (67 ára og eldri) og sjúkir geta sótt um þjónustuna, hafi þeir skv. greiningu læknis, skerta getu andlega og/eða líkamlega, og ráði hvorki yfir né geti ekið bifreið eða nýtt almenningssamgöngur. Hver umsókn er metin sérstaklega á meðferðarfundi ráðgjafar- og búsetuteymis sem haldinn er vikulega. Eigi einstaklingur sem þarf á ferðaþjónustu að halda ekki lögheimili í Fjarðabyggð skal umsókn berast frá því sveitarfélagi þar sem viðkomandi á lögheimili. Metið er í hverju tilfelli fyrir sig



hvort mögulegt sé að sinna erindi. Hafi ferðapjónustan í Fjarðabyggð tók á því að sinna akstri skal lögheimilissveitarfélagið greiða allan kostnað fyrir umsamdar ferðir skv. reikningi enda liggi fyrir samþykki lögheimilissveitarfélags viðkomandi einstaklings.

II. kafli Framkvæmd þjónustunnar

4. gr.

Umsókn um ferðapjónustu

Sótt er um ferðapjónustu á þar til gerðum eyðublöðum sem skilað er til fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar ásamt læknisvottorði. Koma skal fram ástæða fyrir umsókn og rökstudd ósk um fjölda ferða. Í umsókn skulu koma fram almennar upplýsingar um umsækjanda, s.s. fötlu, óskir um fjölda ferða og í hvaða tilgangi þær eru farnar.

5. gr.

Mat á þjónustubörf og ákvörðun um þjónustu

Félagsmálanefnd Fjarðabyggðar ber ábyrgð á þjónustu og hefur félagsmálastjóri yfirumsjón með henni. Allar umsóknir um ferðapjónustu eru afgreiddar á meðferðarfundum þar sem ráðgjafar- og búsetuteymi fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar leggur mat á umsóknir, þjónustubörf og tekur ákvörðun um þjónustuna og tímalengd hennar.

6. gr.

Kynning á ákvörðun

Umsækjendur fá skriflegt svar um afgreiðslu umsóknar innan fjögurra vikna frá því að umsókn berst til fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar. Umsókn er metin með hliðsjón af getu og færni umsækjanda og möguleika hans til að nýta þjónustu almenningsgangna og/eða aðra ferðamöguleika.

Ef umsókn er sett á biðlista er umsækjanda einnig tilkynnt um það skriflega. Í synjunarbréfi skal bent á rétt umsækjanda til að óska eftir rökstuðningi fyrir synjun og upplýsingar um áfrýjunarrétt.

7. gr.

Umfang þjónustu

Þjónustan er veitt þeim sem falla undir skilgreiningu á notendum þjónustunnar, alla virka daga á milli klukkan 08:00 – 17:00, þeim að kostnaðarlausu. Um ferðir á öðrum tíma skal samið sérstaklega við starfsmenn fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar og skal það gert að minnsta kosti þremur virkum dögum fyrir áætlaða ferð.

Starfsmaður fjölskyldusviðs og bílstjóri skipuleggja akstursáætlun með hagsmuni notanda að leiðarljósi.

Bílstjóri ferðapjónustubílsins tekur á móti breytingum á áætluðum ferðum s.s. vegna veikinda. Við framkvæmd þjónustunnar skal taka mið af því að farþegum sé sýnd tilhlýðileg virðing og sveigjanleiki.



Ferðir til og frá vinnu, skóla, endurhæfingu og vegna lækninga, ganga fyrir öðrum ferðum. Fjöldi ferða vegna annarra erinda, en að ofan greinir, er háður takmörkunum en við það skal miðað að þær verði ekki fleiri en 18 í mánuði og heildarfjöldi ferða eigi fleiri en 60 í mánuði sé akstur vegna tómsstunda talinn með.

Ferð er skilgreind í reglum þessum sem akstur milli tveggja staða, en ekki akstur fram og til baka. Umsóknir um ferðir vegna afþreyingar eða tómsstunda skulu metnar í samráði við umsækjanda hverju sinni.

Umsóknir um ferðapjónustu þeirra sem ekki geta nýtt ferðapjónustubílinn, t.d vegna búsetu í dreifbýli eða tímabundinnar dvalar í öðru sveitarfélagi, eru teknar fyrir á fundi félagsmálastjóra og verkefnastjóra og metnar út frá þörfum hvers einstaklings. Leitast skal við að sýna sveigjanleika og tryggja fjölbreytt þjónustuframboð á sviði ferðapjónustu t.d með notkun leigubíla eða með samningum við einkaaðila.

8. gr.

Ferðir út fyrir mörk sveitarfélagsins

Sé þjónustustofnun eða önnur nauðsynleg þjónusta fyrir fatlað fólk, sbr. 1. gr., staðsett í öðru sveitarfélagi getur lögheimilissveitarfélag kannað hvort grundvöllur sé fyrir samkomulagi milli sveitarfélaganna sem tryggir aðgang að þeirri þjónustu. Sama gildir ef notandi dvelst tímabundið í öðru sveitarfélagi. Frumskylda skv. 35. gr. laga um málefni fatlaðs fólks hvílir ávallt á lögheimilissveitarfélagi notanda.

9. gr.

Ábyrgð

Bílstjóri ber ábyrgð á þjónustunni gagnvart notendum hennar, frá því að þeir yfirgefa brottfararstað og þar til þeir eru komnir á áfangastað. Fyllsta öryggis skal gætt við aksturinn og viðurkenndur öryggisbúnaður notaður. Notandi þjónustunnar skal vera tilbúinn til brottfarar á umsömdum tíma. Ef notandi er ekki tilbúinn á réttum tíma, er bílstjóra heimilt að synja akstri, þó aðeins ef töfin hefur í för með sér riðlun á akstursskipulagi. Bílstjóri skal hafa aukin ökuréttindi og hafa sótt námskeið í skyndihjálpi. Nauðsynlegt er að bílstjóra sé kunnugt um sjúkdóma notenda eða aðrar raskanir sem gætu haft áhrif á aksturinn eða þarfnast inngripa af hálfu bílstjóra. Því ber starfsmanni fjölskyldusviðs að upplýsa bílstjóra um þarfir einstakra notenda.

III. kafli

Málsmeðferð, málsskot og gildistími

10. grein

Samvinna við umsækjanda

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er.



11. grein

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra honum tengdum, í starfi sínu, er starfsmönnum óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

12. grein

Rangar eða villandi upplýsingar

Þjónusta sem veitt er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi þess sem þjónustunnar nýtur, er í öllum tilfellum endurskoðuð og samningum rift ef þurfa þykir.

13. grein

Málskotsréttur og endurupptaka máls

Sé umsókn um þjónustu hafnað skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til viðeigandi ákvæða laga eða reglna. Þar skal jafnframt kynntur réttur umsækjanda til frekari rökstuðnings og réttur til að áfrýja ákvörðun.

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað, skv. reglum þessum, getur umsækjandi áfrýjað til félagsmálanefndar innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Félagsmálanefnd skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun félagsmálanefndar til Úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnaðismála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun félagsmálanefndar.

14. gr.

Gildistaka

Reglur þessar voru samþykktar í félagsmálanefnd 7. mars 2016.

Reglur þessar skulu endurskoða eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti.

Fjarðabyggð 18. mars 2016


Páll Björgvin Guðmundsson
bæjarstjóri



Samþykkt í félagsmálanefnd 7. mars 2016

Samþykkt í bæjarráði 14. mars 2016

Samþykkt í bæjarstjórn 17. mars 2016